

Mál nr. 2

Knattspyrnudeild Keflavíkur gegn Knattspyrnudeild Fjölnis

Kæra Keflavíkur

Kærður er leikur Keflavíkur og Fjölnis í 3. flokki karla, sem leikinn var í Keflavík 28.júní 2002, kl. 20.00.

Unglingaráð Knattspyrnudeildar Keflavíkur krefst þess:

Að úrslitum verði breytt og Keflavík dæmdur sigur.

Að Fjölnir verði dæmdur til refsingar (áminningar og sekt).

Fyrir leikinn fá forráðamenn félaganna leikskýrslu til útfyllingar, eftir að búið er að útfylla leikskýrslu á “löglegan” hátt er haldið að Íðavallarvelli. Áður en leikurinn hefst þar tilkynnir þjálfari Fjölnis að hann þurfi að gera breytingu á liðinu vegna meiðsla, leikmaður nr. 18 getur ekki hafið leik eins og hann hafði ritað á leikskýrslu og mun leikmaður nr. 17 hefja leikinn í hans stað. Þetta er samþykkt af dómara leiksins. Leikmaður nr. 17 skorar síðan tvö mörk í leiknum. Undir lok leiksins biður þjálfari Fjölnis um skiptingu, hann tekur leikmann nr. 17 út af og setur inn leikmann nr 17. Dómari bannar þessa skiptingu, þar sem tveir leikmenn geta ekki borið sama númer í sama leik. Eftir leikinn þegar farið er að skoða leikskýrslu kemur í ljós að enginn leikmaður er skráður nr 18, þrátt fyrir að þjálfari tilkynnir dómara að hann sé skráður á skýrslu í byrjunarliði. Auk þess kemur í ljós að enginn leikmaður sé skráður nr. 17 á leikskýrslu, þrátt fyrir að tveir leikmenn hafi sannanlega borið þetta númer. Að leik loknum þegar þjálfari Fjölnis er krafinn skýringa á þessum villum nefnir hann að leikmaður nr. 18 sé skráður nr 10 á skýrslu og leikmaður nr. 17 sé skráður nr. 14. Undir hvaða númeri hinn leikmaðurinn nr. 17 er skráður vitum við ekki.

Okkur er ekki kunnugt um hvort Fjölnir hafi skráð fleiri númer/leikmenn ranglega á skýrsluna, en við getum ekki útilokað það.

Við krefjumst þess að Fjölnir verði dæmdur fyrir brot á “Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót” grein 2.3.2 og 2.3.3.

Við teljum að Fjölnir hafi getað haft hag af því að skrá leikmenn undir röngum númerum. T.d. ef umræddur leikmaður nr. 17 hefði verið áminntur eða rekinn af velli, hefði þjálfari Fjölnis geta nefnt annan leikmann til að taka út hugsanlegt leikbann.

Við sendum með þessari kæru ljósrít af leikskýrslu leiksins. Dómari leiksins sagði mér að hann hafi ritað athugasemdir á framhlið leikskýrslunnar og haldið áfram með athugasemdirnar á bakhlið skýrslunnar. Því miður tókum við ekki ljósrít af bakhliðinni áður en hún var send til Mótanefndar KSÍ.

Við munum vilja kalla til vitnis dómara leiksins, Sigurvin Hreinsson og þjálfara Fjölnis, Bryngeir Torfason og Guðjón Guðjónsson sem skrifaði undir skýrsluna sem forráðamaður.

Ef þurfa þykir munum við kalla til Þóri Hannesson fyrirliða Fjölnis sem skrifaði undir skýrsluna, leikmann nr. 14 Sigurður Lúðvík Stefánsson, leikmann nr. 10 Hauk Lárusson, aðstoðardómara leiksins, Guðmund Guðbergsson og Þórólf Þorsteinsson

Fyrir hönd Unglingaráðs,

Guðmundur Guðbergsson, mótisstjóri.

Unglingaráð Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Kæra dags. 3. júlí 2002 í málinu Unglingaráð Knattspyrnudeildar Keflavíkur gegn Knattspyrnudeild Fjölnis

Samkvæmt 2. tl. 7. greinar laga um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands

skal formaður dómsins svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein sömu laga geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Að mati undirritaðs uppfyllir kæra kæranda ekki skilyrði 6. greinar áðurnefndra laga, einkum varðandi 3. t.l. Unglingaráð Knattspyrnudeildar Keflavíkur telst ekki falla undir 3. t.l. greinarinnar. Málssóknarheimild þarf að vera skýr og kæra undirrituð af formanni eða framkvæmdastjóra viðkomandi knattspyrnudeildar.

Af framangreindum ástæðum er máli þessu vísað frá dómi.

Því úrskurðast:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Seltjarnarnesi 5.júlí 2002

F.h. dómstóls KSÍ

Gunnar Guðmundsson hdl.
dómsformaður